

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun
Sérít 2016 – Menntun, mannvit og margbreytileiki.
Greinar frá Menntakviku
Menntavísindasvið Háskóli Íslands



Ritrynd grein birt 31. desember 2016

►► Yfirlit greina

Þorbjörg Guðjónsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Mín skoðun skiptir máli Þátttaka nemenda í skólaráði grunnskóla

► Um höfunda ► Efnisorð

Í grunnskólalögum 2008 var sett inn ákvæði þess efnis að nemendur skyldu eiga tvo fulltrúa í skólaráði. Markmið rannsóknarinnar sem hér er greint frá var að afla þekkingar á reynslu og viðhorfum skólastjórnenda og nemenda til skólaráðs og taka saman hagnýtar upplýsingar sem gætu nýst til að tryggja þátttöku nemenda í skólaráði. Kenningar Johns Dewey um lýðræði og reynslu og ekki síður hugmyndir hans um lýðræðislega samvinnu mynduðu ramma um rannsóknina. Vettvangsathugun fór fram í fjórum grunnskólum og opin viðtöl voru tekin við fjóra skólastjóra og sex nemendur sem áttu sæti í skólaráðum veturinn 2014–2015. Niðurstöður leiddu í ljós að skólastjórar höfðu jákvæða reynslu af starfi slíkra ráða en skiptar skoðanir voru á þátttöku nemenda. Nemendur höfðu mismunandi reynslu af setunni í skólaráði en sögðust hafa upplifað óöryggi, óvissu eða kvíða. Með aukinni reynslu jókst öryggi nemenda á fundum skólaráðs og skilningur þeirra á starfsemi skólans. Bæði skólastjórar og nemendur upplifðu stundum valdaófjafnvægi á fundum skólaráðs. Stuðningur og hvatning skólastjóra og áherslur hans á gagnkvæma virðingu og lýðræðislega samvinnu voru veigamiklir þættir sem studdu virka þátttöku nemenda. Niðurstöður gefa til kynna að framkvæmd laga og reglugerðar um skólaráð fela í sér ýmsar áskoranir sem tengjast valdaófjafnvægi og viðhorfum til barna. Nauðsynlegt er að skýrar reglur séu um val á nemendafulltrúum og einnig er þörf á að efla kynningu á skólaráði meðal nemenda.

Finally I have a voice in: Students' participation in school councils

► About the authors ► Key words

This article discusses students' participation in elementary school councils in Iceland. According to a 2008 Icelandic Education Act, students are expected to have two representatives on school councils. The purpose of the research was to gather information that could be useful in enhancing the students' participation in school councils and provide data on the experiences and views of the school principals and students towards the new Act. Research into school councils' and participants' experiences has not been conducted in Iceland or in other countries. Thus, it was important to shed light on how the law has been implemented and on the opportunities and hindrances students as well as school leaders have experienced.

Reference to school councils first surfaced in the Icelandic Education Act for elementary schools in 1991 but was never implemented. Instead, most schools had an administrative council as well as a separate parents' council. In their comments on a new Education Act in 1995, The Icelandic Teachers' Union suggested that a school council would be more beneficial than a parents' council, provided both parents and teachers were represented. However, in the Education Act of 1995 the requirement for

school councils was revoked and instead there was a new requirement that all elementary schools should have a parents' council.

When changes were made to the Education Act of 2008 there was a strong lobbyism for school councils, which would comprise the representatives of parents and students along with representatives of school leaders and teachers. Norway was the role model, as such school councils with representatives of parents and students already existed. The Icelandic Education Act of 2008 contained requirements for school councils, and this time there was a requirement to include student representatives as members of the council. The school council agenda covers the syllabus and the council makes decisions regarding the school's daily organisation.

The research presented here was based on qualitative research methods, field research and unstructured interviews to shed light on the experiences and views of school leaders and students participating in school councils. Four elementary schools were chosen as case studies for the research. Unstructured interviews were conducted with four principals and six students who were representatives in the school councils for the school year 2014-2015. Also, field research was conducted during school council meetings in each of the schools.

Previous Icelandic studies have indicated that children's and students' participation in decision making is limited and that, in general, they do not have substantial influence in schools. International studies which focus on collaboration between adults and children strongly indicate that a preconceived attitude/opinion is an important element, whether it is the views of adults or children. The widespread notion that children do not have enough experience and know-how to take part in decision making leads to tangible hierarchy and reduces children's participation.

This research is based on the notion that children are capable individuals who can evaluate their own experience, share their ideas and be active members in decision making regarding school operations. Furthermore, John Dewey's theories of democracy and experience inspired this research, especially his ideas about democratic collaboration. Although it is not possible to generalize the results, they provide a valuable insight into the experiences of students and school leaders in those four different schools.

Results showed that there were mixed opinions regarding student participation in school councils. The principals had positive experience of school councils but some of them had mixed feelings towards student participation. The students had been insecure and anxious at their first council meeting but reported that, with time and experience, their confidence grew and they felt better during council meetings. They also reported that their understanding of how the school really operates improved. Occasionally principals and students noticed tangible hierarchical relationships during meetings. Moreover, the findings indicated that support and encouragement from principals and their focus on mutual respect and democratic partnership positively affected student participation. Thus, the attitude of school principals was vital, as they were key persons in empowering the students to raise their concerns in council meetings. The study indicates that various challenges are evident regarding the participation of student representatives in school councils. There were unclear guidelines about how to select student representatives and overall the importance and practice of the school council seemed neither to be discussed openly nor presented to the student body. The authors hope that this research will be beneficial to educational authorities and other stakeholders in improving student participation in school councils. The article concludes with suggestions about how to improve student participation, including the following: School leaders should foster positive views in the school community towards the participation of students in school matters; school councils should be introduced to the school community, in particular the student body; there should always be two student representatives at each council meeting; student representatives should be elected for two years.

Inngangur

Árið 2008 voru sett ný ákvæði í íslensk grunnskólalög um að nemendur skyldu eiga fulltrúa í skólaráði, en skólaráð er samráðsvettvangur allra hagsmunaaðila um stefnumótun (lög um grunnskóla, nr. 91/2008). Skólaráð eru í flestum grunnskólum landsins en þau eru formleg leið til að tryggja að nemendur eigi aðild að ákvörðunum innan skólans. Þar sem ekkert skólaráð er starfandi er helsta ástæða þess talin vera smæð skólanna (Hrefna Guðmundsdóttir, 2010). Skólaráð og reynsla fulltrúa af setu þar hefur lítið sem ekkert verið rannsakað á Íslandi. Þessari grein er því ætlað að varpa ljósi á viðfangsefni sem ekki hefur verið rannsakað áður, þ.e. þátttöku grunnskólanema í skólaráði.

Niðurstöður íslenskra rannsókna benda til þess að þátttaka barna og nemenda í ákvörðunum sé mjög takmörkuð og fá tækifæri standi þeim til boða til að hafa áhrif og lýsa sjónarmiðum sínum (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014; Jóhanna Einarsdóttir, 2006). Erlendar rannsóknir sem beinst hafa að samskiptum fullorðinna og barna sýna ótvírætt að viðhorf skipta miklu máli, hvort sem um fullorðinn einstakling er að ræða eða barn (Grant-Smith og Edwards, 2011; Hulme, McKinney, Hall og Cross, 2011). Sú almenna trú að börn hafi ekki næga reynslu og þekkingu til að koma að ákvörðunum leiðir til valdaójafnvægis milli fullorðinna og barna og dregur úr getu þeirra til þátttöku (Grant-Smith og Edwards, 2011; Wyse, 2001). Það gefur til kynna að aðrir fulltrúar skólaráðs geti haft mikil áhrif á virkni og þátttöku nemenda í skólaráði. Skólastjórnendur eru ótvíræðir leiðtogar og stýra fundum skólaráðs; því er mikilvægt að skoða hver séu viðhorf skólastjórnenda til þátttöku grunnskólanemenda í skólaráði hér á landi.

Rannsóknin sem hér er greint frá er byggð á þeirri sýn að börn séu hæfir einstaklingar sem geti metið reynslu sína, deilt skoðunum sínum og verið aðilar að ákvörðunum um starfsemi grunnskóla. Kenningar Johns Dewey um lýðræði og reynslu og ekki síður hugmyndir hans um lýðræðislega samvinnu mynduðu þýðingarmikinn ramma um rannsóknina. Markmiðið með rannsókninni var að skapa þekkingu á reynslu og viðhorfum skólastjórnenda og nemenda til skólaráðs og afla hagnýtra upplýsinga sem gætu nýst til að tryggja þátttöku nemenda í slíku starfi. Niðurstöður varpa skýru ljósi á framkvæmd laga um skólaráð frá sjónarhorni mikilvægustu hagsmunaaðilanna, þ.e. nemendanna sjálfra og skólastjórnenda. Spurningarnar sem leitað var svara við voru: Hver er reynsla og sýn skólastjórnenda á það að hafa nemendafulltrúa í skólaráði? Hver er reynsla og sýn nemenda á þátttöku í skólaráði? Hvernig geta skólastjórnendur tryggt virka þátttöku nemenda á fundum skólaráðs?

Í fyrri hluta greinarinnar er fjallað um lagalegan ramma um starfsemi skólaráða og ljósi varpað á fyrri rannsóknir á þátttöku nemenda. Greint er frá kenningarlegum stöðum rannsóknarinnar, aðferðafræði hennar og framkvæmd. Í niðurstöðum eru dregin fram þau þemu sem komu fram þegar leitað var svara við rannsóknarspurningunum. Í lok greinarinnar er í stuttu máli dregið saman það sem helst má læra af rannsókninni og bent á þá þætti sem best eiga að geta tryggt þátttöku nemenda í skólaráðum.

Starfsemi skólaráða

Samkvæmt lögum skal skólaráð meðal annars fjalla um skólanámskrá, breytingar á skólahaldi, stefnu skóla, húsnæði, velferð nemenda og skólareglur. Einnig skal skólaráð boða til fundar fyrir aðila skólasamfélagsins um málefni skólans að lágmarki einu sinni á ári. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun og virkni skólaráðs og stýrir starfi þess en lítið er á skólaráð sem samráðsvettvang allra hagsmunaaðila um stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Um 95% íslenskra grunnskóla hafði starfandi skólaráð árið 2015 (munnleg heimild, Guðni Ólgeirsson, 20. maí, 2015). Heimilt er að sækja um undanþágu frá því að starfrækja skólaráð og eru nokkur dæmi um að skólaráð sé ekki að finna í mjög fámennum skólum (Hrefna Guðmundsdóttir, 2010).

Nánar er fjallað um starfsemi skólaráðs í reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Fulltrúar nemenda skulu kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélags hvers skóla og skulu sitja tvö ár í senn í skólaráði (reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008). Í reglugerðinni segir: „Fulltrúar nemenda skulu ávallt eiga þess kost að taka þátt í starfi skólaráðs þegar fjallað er um velferðar-

og hagsmunamál nemenda, árlega starfsáætlun skóla, aðrar áætlanir er varða skólahaldið og um meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla.“ Í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að skólastjóri geti leyst fulltrúa nemenda undan setu í skólaráði „... t.d. þegar mál eru á vinnslustigi og þegar verið er að fjalla um mál þar sem nemendur telja sig ekki hafa forsendur til þátttöku.“ Þó kemur skýrt fram í reglugerðinni að slík undanþága verði eingöngu gerð í samráði við nemendur og aðra fulltrúa skólaráðs, enda hafi fulltrúar nemenda „... ávallt rétt á að taka þátt í starfi skólaráðs“ (reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008). Bent er á að samkvæmt lögum gæti fulltrúar foreldra hagsmuna nemenda þegar þeir „... vegna aldurs eða þroska, geta ekki tekið þátt í störfum skólaráðs“ (lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Lagagrein um skólaráð birtist fyrst í lögum um grunnskóla 1991, en komst þó ekki til framkvæmda. Erfitt er að segja til um ástæður þess, en þar var ekki gert ráð fyrir þátttöku nemenda. Áhugavert er að Kennarasamband Íslands og hið Íslenska kennarafélag sendu inn umsögn um frumvarp til grunnskólalaga árið 1994 þar sem fram kemur að þessi félög telji farsælla að setja á lagginnar skólaráð sem í eigi sæti bæði foreldrar og kennarar fremur en foreldraráð (Athugasemdir um sagnaraðila við frumvarp til laga, 126. mál, 1994). Lagaákvæði um skólaráð var felld niður og þess í stað sett ákvæði um stofnun foreldraráða við hvern grunnskóla (lög um grunnskóla nr. 66/1995).

Við endurskoðun grunnskólalaga tíu árum síðar komu aftur fram sterkar raddir um mikilvægi þess að setja á lagginnar skólaráð þar sem foreldrar og nemendur ættu fulltrúa ásamt stjórnendum og kennurum grunnskóla (Menntamálaráðuneytið, 2006). Helst var litið til Noregs sem fyrirmyndar að skólaráði (munnleg heimild, Guðni Ólgeirsson, 20. maí, 2015) en þar í landi er lögskipað ráð um skólaumhverfið þar sem nemendur og foreldrar eru í meirihluta (Menntamálaráðuneytið, 2006). Í grunnskólalögum 2008 voru ný ákvæði um skólaráð sett inn en að þessu sinni var einnig gert ráð fyrir þátttöku nemenda. Auk þeirra sitja skólastjóri, foreldrar, kennarar, starfsmaður skólans og fulltrúi grenndarsamfélagsins í skólaráði, samtals níu manns (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Með þátttöku nemenda í skólaráði er verið að tryggja þeim tækifæri til að hafa áhrif á mótun og þróun skólans.

Árið 2011 sendi Umboðsmaður barna á Íslandi rafræna könnun til skólastjóra grunnskóla og óskaði meðal annars eftir upplýsingum um aðkomu nemenda að skólaráðum. Alls bárust svör frá 34 grunnskólum víðs vegar af landinu eða frá um 20% grunnskóla landsins (Hagstofa Íslands, e.d.; Umboðsmaður barna, 2012). Þó að svarhlutfallið hafi verið lágt gefur könnunin ákveðnar vísbendingar. Niðurstöður Umboðsmanns leiddu í ljós að í langflestum tilfellum var kosning í nemendafélag skólans leynileg, en val á fulltrúa nemenda í skólaráð byggðist á þeirri hefð að formaður nemendafélagsins ætti sæti í skólaráði. Í einstaka tilfellum voru það kennarar eða starfsfólk skólans sem völdu nemendafulltrúa. Settar reglur nemendafélagsins um kosningu í skólaráð virtust vera lítið kynntar fyrir nemendum en 12 skólar af 34 höfðu framfylgt þeim reglum. Samt sem áður uppfylltu langflestir skólanna lagaskylduna um að hafa tvo fulltrúa nemenda í skólaráði (Umboðsmaður barna, 2012). Samkvæmt reglugerð um skólaráð (nr. 1157/2008) skulu skólaráð og stjórn nemendafélagsins funda að lágmarki einu sinni á ári, en í flestum skólanna hafði slíkur fundur ekki farið fram. Meirihluti skólanna sinnti ekki heldur þeirri skyldu skólaráðs að halda árlega opinn fund um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins (Umboðsmaður barna, 2012).

Könnun umboðsmanns barna bendir til þess að víða sé pottur brotinn í framkvæmd laga um skólaráð. Lög um grunnskóla og reglugerð um skólaráð eru nokkuð skýr og kalla á virka þátttöku nemenda í málefnum sem snerta hagsmuni nemenda og daglegt skólastarf. Skólaráð er formlegur vettvangur sem tryggir lýðræðislegan rétt nemenda, en mikilvægt er að hafa í huga að samkvæmt grunnskólalögum skal lýðræði einkenna alla starfshætti og menningu skólans (lög um grunnskóla nr. 91/2008; reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008). Því er augljóst að þátttaka nemenda í skólaráði ein og sér tryggir ekki lýðræði í skólastarfi, en hún á að tryggja nemendum rödd innan stjórnkerfis skólans.

Fræðilegur rammi

Segja má að 20. öldin hafi einkennst af aukinni vitund um réttindi og stöðu barna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur árið 1989 og var byggður á margra ára umræðu milli aðildarþjóðanna um stöðu og réttindi barna. Í 12. gr. barnasáttmálans er börnum og ungmennum tryggður réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif á málefni er þau varða (samningur Sam-

einuðu þjóðanna um réttindi barnsins I. hluti/1989). Sé litið til sögunnar, og einnig til ólíkra samfélaga, er ljóst að hvað það merkir að vera barn breytist og er félagslega mótað. Þátttaka barna í samfélaginu tekur mið af menningu, aðstæðum, gildum og viðmiðum sem ríkja hverju sinni. Að sama skapi má álykta að hugmyndir fólks um þátttöku nemenda í lýðræðislegu skólastarfi séu ólíkar og að misjafn skilningur sé lagður í það hvert hlutverk hvers og eins hagsmunaaðila sé í slíku samstarfi. John Dewey lagði grunninn að hugmyndum fólks um lýðræðislegt skólastarf og lagði mikla áherslu á samskipti og viðhorf einstaklinga. Hér verður því fyrst fjallað um hugmyndir hans um tengsl reynslu og lýðræðis, síðan verða dregnir fram meginþættir lýðræðislegrar samvinnu.

Reynsla og lýðræði

Með þátttöku sinni í starfsemi skólaráðs öðlast fulltrúar þess ákveðna reynslu. Þegar kemur að því að skoða reynslu nemenda af þátttöku í skólaráði skiptir miklu máli að átta sig á því hvort og/eða hvernig sú reynsla sé þeim merkingarbær og valdeflandi. Reynsla hefur litla merkingu án hugsunar. Einstaklingurinn þarf að bregðast við, ígrunda og takast á við orsök og afleiðingar reynslunnar ef hún á að hafa einhverja merkingu fyrir hann. Þannig lærir einstaklingurinn af reynslunni, setur sér markmið og getur mótað sér ákveðna framtíðarsýn (Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Það má því segja að reynslan sé ákveðið hreyfiafl sem getur eft frumkvæði, vakið forvitni og langanir einstaklingsins þannig að hann setji sér markmið (Dewey, 2000b). Dewey benti enn fremur á að reynsla getur ýmist verið jákvæð eða neikvæð, að ekki hefur öll reynsla þroskandi og menntandi áhrif. Hvernig einstaklingurinn vinnur síðan úr reynslunni ræður miklu um það hvaða viðhorf stuðla að áframhaldandi þroska og hver koma til með að hamla honum (Dewey, 2000b).

Í huga Deweys tengist lýðræði fyrst og fremst samfélagi sem byggt er á sameiginlegri reynslu einstaklinganna sem þeir deila með sér (Dewey, 1916). Reynsla verður yfirleitt til í samskiptum og samvinnu milli einstaklinga og verður síðan hluti af samfélaginu. Þannig gefst einstaklingunum tækifæri til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins og upplifa að þeir tilheyri því. Lýðræði er þess vegna ákveðið samvistarform þar sem allir ættu að hafa tækifæri til að þroskast og verða *virkir þátttakendur* í ákvörðunum innan samfélagsins (Ólafur Páll Jónsson, 2010). Hvernig aðstæður og samskipti eiga sér stað ræður því síðan hvort reynslan er þroskandi fyrir einstaklinginn, en þar reynir á færni hans til að nýta sér bæði efnislegt og félagslegt umhverfi, að öðrum kosti verður reynslan lítils virði fyrir hann (Dewey, 2000b). Fulltrúar nemenda sem sitja fundi skólaráðs eru ágætt dæmi um þetta en þeir öðlast öðruvísi reynslu en aðrir nemendur skólans. Hvernig þeir meta og nýta sér þá reynslu byggist á færni þeirra og viðhorfum til reynslunnar.

Lýðræðisleg samvinna innan skóla

Lögð er áhersla á að börn læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Skólastjórnendur gegna því mikilvæga hlutverki að stuðla að lýðræðislegri samvinnu innan skóla og virkja alla til þátttöku. Þegar hugað er að lýðræðislegri samvinnu í anda Deweys má draga fram þrjú meginatriði sem eru: Gagnkvæm virðing, jafnræði og virk þátttaka. Hér verður fjallað nánar um þessi þrjú meginatriði lýðræðislegrar samvinnu og þau tengd við skólastarf, ekki síst hlutverk skólastjórnenda.

Samkvæmt Dewey tengjast meginþættir lýðræðis virðingu og afstöðu einstaklingsins til ágreinings og því hvernig hann leitar úrlausnar. Virðingu þarf að bera fyrir skoðunum allra aðila og leita lausna á sameiginlegum grundvelli. Talið er að gagnkvæm virðing og umhyggja auki vellíðan í skólanum, öryggi og árangur (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Virðing birtist meðal annars í framkomu, tali og orðum. Einstaklingar sem sýna hvor öðrum gagnkvæma virðingu nálgast hvor annan á jafnræðisgrundvelli. Rannsóknir hafa sýnt fram á að traust, samvinna og gagnkvæm virðing eru mikilvægir þættir í skólastarfi og efla jákvæða menningu (Day, 2007; Møller, Eggen, Fuglestad og Langfeldt, 2005). Skólastjórnun ber að veita faglega forystu í góðri samvinnu við samstarfsfólk sitt og hagsmunaaðila (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Persónuleg og fagleg gildi skólastjóra hafa áhrif á stjórnunarhætti hans, ekki síst að hve miklu marki hann ber umhyggju fyrir samstarfsfólki og nemendum og hvort lögð er áhersla á mikilvægi allra einstaklinga (Birna Sigurjónsdóttir og Börkur Hansen, 2014).

Talið er að lýðræðisleg samvinna einkennist af því að jafnræði ríki á milli aðila og að einstaklingum sé ekki mismunað með tilliti til eigin verðleika eða lífssýnar (Englund, 2006; Ólafur Páll Jónsson, 2010). Taka þarf tillit til hagsmuna allra sem eiga aðild að máli og ekki láta hagsmuni sumra vega þyngra en annarra. Jafnræði er mikilvægt í lýðræðislegri þátttöku þar sem réttur barna jafnt sem fullorðinna er tekinn alvarlega. Jafnrétti fram yfir vald fullorðinna og rík áhersla á samvinnu eru lykilatriði ef lýðræði á að ná fótfestu í skólum (Hart, 1992; Thornberg, 2010). Samvinna getur aldrei talist lýðræðisleg ef einhver sem málefnið snertir hefur ekki fengið að tjá sig og hefur ekki fengið að hafa áhrif á lokaákvörðunina (Ólafur Páll Jónsson, 2006).

Þriðja atriðið sem einkennir lýðræðislega samvinnu samkvæmt Dewey er að þeir sem hlut eiga að máli séu virkir þátttakendur í ákvörðunum. Skapa þarf vettvang fyrir opinskáar umræður innan veggja skólans þar sem aðilar geta tjáð sig óhindrað og óttalaust (Dewey, 1998). Allar ákvarðanir þurfa að endurspeglar í senn sameiginlega hagsmuni hópsins og óskir hvers og eins (Ólafur Páll Jónsson, 2010). Eigi börn að skuldbinda sig skólanum og finna til ábyrgðar verða þau að fá tækifæri til að vera þátttakendur í daglegu starfi skólans. Þannig læra þau hver réttur þeirra er og hvaða skyldur þau hafa. Aukin þátttaka í ákvörðunum eykur einnig skilning barna á lýðræði, þau læra að skilja ferli og gildi lýðræðis (Jóhanna Einarisdóttir, 2008; Lansdown, 2001; Sinclair, 2004). Ekholm heldur því fram að nemendur þurfi að fá tækifæri til að taka þátt í þróun skólans, en með því móti öðlist þeir þýðingarmikla reynslu og læri lýðræði (Ekholm, 2004). Auk þess gefst þeim kostur á að njóta þess sem samfélagið og lýðræðisleg samvera hefur að bjóða (Ólafur Páll Jónsson, 2006). Skólastjóri leiðir störf skólaráðs og ber ábyrgð á að virkja alla til þátttöku. Veigamikill þáttur í því er hvort og hvernig hann deilir valdi og ábyrgð með samstarfsfólki sínu (Birna Sigurjónsdóttir og Börkur Hansen, 2014; Day, 2007). Ljóst er að lýðræðislegt samfélag byggist á þátttöku allra aðila innan skólasamfélagsins.

Fyrri rannsóknir

Starfsemi skólaráða hefur ekki verið rannsökuð með skipulegum hætti hér á landi, en hér er fjallað um rannsóknir sem hafa beinst að því að skoða viðhorf nemenda til þátttöku og áhrifa innan grunnskóla. Farið verður yfir helstu niðurstöður fyrri rannsókna sem sýna að þrátt fyrir aukna vitund um mikilvægi þess að nemendur séu virkir þátttakendur í mótun skólastarfs, þá hafa nemendur sjaldnast raunveruleg völd eða áhrif innan skóla.

Aukin vitund er um mikilvægi þess að nemendur hafi áhrif á innra starf grunnskólans og formlegar leiðir hafa víða verið tryggðar með stofnun nemendafélaga eða nemendaráða (Maitles og Deuchar, 2006; Thornberg, 2010). Hefð er komin á starfsemi nemendafélaga, en í grunnskóla-lögum frá 1974 var þegar komið ákvæði um rétt nemenda úr 7.–9. bekk til að stofna nemendaráð sem væri „skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda“ (lög um grunnskóla nr. 63/1974). Hlutverk nemendafélaga í íslenskum grunnskólum er að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Starfsemi þeirra virðist þó að mestu hverfast um félagslega viðburði líkt og í öðrum löndum (Alderson, 2000; Cotmore, 2004; Thornberg, 2010). Rannsókn Þóru Bjarkar Jónsdóttur og Rúnars Sigþórssonar (2013) á þátttöku og áhrifum nemenda í skólastarfi sýndi að nemendur teldu sig einna helst hafa eitthvað að segja um félagsstarf í skólunum, en þeir töldu sig sjaldan hafa áhrif á viðfangsefni náms eða kennsluáferðir.

Ýmsar rannsóknir sýna að þrátt fyrir góðan vilja séu lýðræðisleg vinnubrögð ekki ríkjandi innan grunnskóla. Gerður G. Óskarsdóttir (2014) leiddi rannsókn á starfsháttum íslenskra grunnskóla, en þar voru nemendur meðal annars spurðir út í þátttöku í skólastarfi og hvort þeir upplifðu að hlustað væri á sjónarmið þeirra. Niðurstöður leiddu í ljós að þátttaka nemenda væri takmörkuð og fá tækifæri stæðu þeim til boða til að hafa áhrif og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Nemendur voru langflestir á því að þeir réðu málefnum nemendafélagsins en aftur á móti könnuðust fæstir nemenda við skólaráð og starfsemi þess var þeim framandi. Sambærilegar niðurstöður voru í meistaritgerð Annelise Larsen-Kaasgaard (2011). Hún lagði fyrir spurningalista að fyrirmynd danskrar rannsóknar og komst að því að íslenskir nemendur töldu sig fá færri tækifæri til að tjá skoðanir sínar eða lýsa vanþóknun sinni en danskir nemendur. Helga Helgadóttir (2015) komst að þeirri niðurstöðu í meistaraverkefni sínu að þrátt fyrir góðan vilja innan grunnskóla, þá ríkti takmarkaður skilningur á lýðræðislegum starfsháttum.

Rannsóknir hafa sýnt að viðhorf fullorðinna til barna geta haft áhrif á samskipti þeirra, þátttöku og virkni (Grant-Smith og Edwards, 2011; Prout, 2003; Wyse, 2001). Bresk rannsókn innan fjögurra grunnskóla leiddi í ljós að börn fengju mjög takmörkuð tækifæri til að tjá skoðanir sínar á málefnum sem snertu þau, þó að nemendaráð væri starfandi í skólunum (Wyse, 2001). Þátttakendum í nemendaráði fannst ekki vera hlustað á sig og þeir töldu að skólafirvöld væru ein um að leggja mat á það hvaða málefni væru þýðingarmeiri en önnur. Þeim fannst fullorðna fólkið ekki sýna rétti þeirra virðingu og ekki líta á þá sem jafningja. Wyse (2001) dró þá ályktun að skólafirvöld hefðu ekki talið börnin vera hæf til þátttöku í ákvörðunum. Rannsókn Grant-Smith og Edwards (2011) á viðhorfum fullorðinna til ungmenna sem áttu sæti með þeim í ráðgjafarnefnd á vegum sveitarfélagsins leiddi í ljós að viðhorf þeirra fullorðnu voru ekki sérlega jákvæð í garð unga fólksins. Þeir fullorðnu litu svo á að nærvera unga fólksins væri ásættanleg en vildu samt sem áður að valdið til ákvarðana væri í höndum þeirra sjálfra. Einnig efuðust þeir fullorðnu um þekkingu og hæfni unga fólksins. Viðhorf þeirra fullorðnu var því stærsta hindrunin fyrir þátttöku ungmennanna. Að sama skapi upplifðu ungmennin ákveðna ógn eða hræðslu við fullorðna fólkið, þeim leið óþægilega og þau fundu sig ekki á heimavelli (Grant-Smith og Edwards, 2011).

Áhugavert er að geta þess að í umfangsmikilli íslenskri rannsókn á starfsháttum grunnskóla kom í ljós að einn skóli skar sig úr hvað varðar þátttöku og áhrif nemenda (Þóra Björk Jónsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2013). Gagna var aflað í 14 grunnskólum og svöruðu 952 nemendur úr 9. og 10. bekk spurningalistum ásamt því að haldnir voru rýnifundir með nemendum. Meðal annars var spurt um það hve oft nemendur væru spurðir hverju þeir vildu breyta og töldu 60% nemenda úr þessum skóla að þeir væru mjög eða frekar oft spurðir samanborið við 22% nemenda úr hinum skólunum. Þá töldu 64% nemenda að þeir væru mjög eða frekar oft hvattir til að koma með hugmyndir um viðfangsefni samanborið við 33% nemenda úr hinum skólunum. Þannig virtist að í þessum skóla væri gert ráð fyrir virkri þátttöku nemenda í mótun náms og kennsluáðferða ólíkt því sem almennt gerðist (Þóra Björk Jónsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2013).

Framkvæmd rannsóknarinnar

Í rannsókninni voru fjórir grunnskólar valdir til skoðunar til þess að varpa ljósi á framkvæmd laga um þátttöku nemenda í skólaráði. Rannsakandi fór á vettvang og kynnti sér starfsemi skólaráðs. Opin viðtöl voru tekin við tíu einstaklinga sem voru fulltrúar skólaráðs skólaárið 2014–2015. Eiginleg aðferðafræði af þessum toga hentaði vel til að kanna reynslu og viðhorf bæði skólastjórnenda og nemenda sem hafa tekið þátt í starfsemi skólaráðs.

Þátttakendur

Skólarnir fjórir sem tóku þátt í rannsókninni tilheyrðu fjórum sveitarfélögum, tveim á höfuðborgarsvæðinu og tveim utan höfuðborgarinnar. Horft var til þess að velja ólíka skóla hvað varðaði stærð og staðsetningu. Enn fremur var skilyrði að skólaráð væri starfrækt og að í því sætu nemendafulltrúar. Þátttakendur voru fjórir skólastjórar og sex nemendur sem áttu sæti í skólaráði. Rannsakandi hafði samband við skólastjórnendur og þegar samþykki þeirra lá fyrir höfðu þeir milligöngu um upplýst samþykki nemendafulltrúa og foreldra þeirra fyrir þátttöku í rannsókninni. Til að tryggja nafnleynd þátttakenda eru skólarnir hér auðkenndir með bókstöfunum D, E, F og G. Þrír skólanna voru heildstæðir grunnskólar frá 1.–10. bekk, en einn þeirra (skóli E) var ætlaður nemendum í 1.–7. bekk.

Skólastjórnarnir höfðu starfað mislengi eða frá fjórum árum upp í fimmtán ár. Fulltrúar nemenda voru í 9. og 10. bekk, að undanskyldum einum nemanda í skóla E sem var í 7. bekk. Tveir nemendanna voru að sitja sinn fyrsta fund þegar rannsóknin fór fram en aðrir höfðu mislanga reynslu. Í skóla D voru nemendur á öðru ári sínu í skólaráði. Tafla 1 sýnir yfirlit yfir skóla og þátttakendur. Skólastig nemenda er rétt en til að gæta trúnaðar var nöfnum þátttakenda breytt.

Tafla 1 – Yfirlit yfir skóla og þátttakendur					
	Staðsetning	Skólastjóri	Nemendur	Árgangur	Fjöldi nemenda
Skóli D	Höfuðborgarsvæði	Dagný	Davíð og Daníel	9. og 10. bekkur	Rúmlega 400
Skóli E	Höfuðborgarsvæði	Elín	Edda	7. bekkur	Tæplega 400
Skóli F	Utan höfuðborgarsvæðis	Fanney	Fríða og Fjóla	9. og 10. bekkur	Um 200
Skóli G	Utan höfuðborgarsvæðis	Guðrún	Guðný	10. bekkur	Rúmlega 450

Yfirlit yfir skóla og þátttakendur.

Gagnaöflun

Að fengnu leyfi skólastjóra var farið á vettvang og setinn einn fundur skólaráðs í hverjum skóla og í kjölfar fundarins voru tekin viðtöl við fulltrúa nemenda. Viðtöl við skólastjórnendur höfðu farið fram áður en farið var á fund skólaráðs. Í vettvangsathugun er lögð áhersla á að athuginin fari fram í eðlilegu umhverfi þar sem rannsakandi getur leitað eftir ólíkum sjónarmiðum þátttakenda á vettvangi (Neuman, 2006). Rannsakandi skráði minnispunkta á fundi skólaráðs en vettvangsnótur voru skráðar strax að fundinum loknum. Fundirnir vörðu frá einni til tveimur klukkustundum og fóru fram í fundarherbergi skólanna. Í vettvangsnótum var aðstæðum og samskiptum fulltrúa skólaráðs lýst eins nákvæmlega og mögulegt var. Sérstaklega var horft til þess að fylgjast með þátttöku nemenda á fundunum. Rannsakanda var ekki ljóst hvort eða hversu mikil áhrif hann hafði sem rannsakandi á vettvangi. Þó hafði einn skólastjóri orð á því að rannsóknin hefði leitt huga hans að því að bæta aðkomu nemenda að skólaráði.

Opin viðtöl voru tekin við þátttakendur en þau henta vel þegar skoða á reynslu og upplifun einstaklingsins frá hans sjónarhorni (Helga Jónsdóttir, 2013). Í upphafi hvers viðtals við nemendur fór rannsakandi yfir markmið rannsóknarinnar og fékk staðfestingu á upplýstu samþykki nemandans sjálfs. Ástæða þess að leitað var eftir sjónarmiðum nemenda sem og skólastjóra var mikilvægi þess að afla upplýsinga um reynslu og viðhorf nemendanna sjálfra, sérstaklega í ljósi þess hversu ólíka stöðu skólastjóri og nemendur hafa í skólaráði. Jafnframt var áhugavert að skoða hvort, og/ eða hvernig, misræmi væri á milli sjónarmiða skólastjóra og nemenda hvað varðaði reynslu þeirra og upplifun á þátttökunni.


Í viðtölunum var stuðst við ákveðinn viðtalsramma en viðmælendur fengu að tjá sig frjálsglega innan þess ramma. Nemendur voru spurðir um þátttöku sína og upplifun á fundum skólaráðs. Þeir voru einnig spurðir hvernig þeim liði á fundum, hvort þeim myndist hlustað á sig og hvort þeir væru hvattir til að láta skoðanir sínar í ljós. Jafnframt voru þeir spurðir hvort þeir teldu sig hafa áhrif á ákvarðanir innan ráðsins. Rætt var einslega við nemendafulltrúana nema í skóla D þar sem rætt var við þá báða í einu. Í skóla E og G var eingöngu einn nemendafulltrúi mættur og í skóla F voru nemendur hvor á sínum staðnum og því tekið sérstakt viðtal við hvorn um sig. Viðtölin gengu alla jafna mjög vel, en þó er það mat rannsakanda að æskilegra hefði verið að hafa ávallt báða nemendafulltrúana saman í viðtali til að auðvelda samræður og tjáskipti. Tveir viðmælendur voru nokkuð óruggir og feimnir, sérstaklega yngsti viðmælandinn úr skóla E.

Skólastjórar voru beðnir að tjá sig um þátttöku nemenda og hvaða tækifæri og áskoranir þeir teldu felast í henni. Þeir voru meðal annars spurðir hvernig þeim gengi að fylgja lögum og reglum um starfsemi skólaráðs, og hvað þeir gerðu til að stuðla að þátttöku nemenda. Bæði skólastjórnendur og nemendur voru spurðir um mikilvægi þess að hafa fulltrúa nemenda í skólaráði, hvernig væri staðið að vali nemendafulltrúa og kynningu á skólaráði. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð með leyfi þátttakenda.

Grein ing

Eftir að hafa marglesið gögnin var notuð þemagreining þar sem leitast var við að koma auga á og greina mynstur (þemu) í gögnunum (Braun og Clarke, 2006). Fyrst og fremst var horft til þess að

láta gögnin „tala“ til rannsakandans og koma auga á þau atriði sem einkenndu reynslu og viðhorf þátttakenda. Þá var farið yfir gögnin með hliðsjón af rannsóknarspurningunum og þemun sett upp í hugmyndakort til að fá heildarsýn. Þannig var hægt að auðkenna mikilvæga þætti og finna dæmi í gögnunum, auk þess að koma skipulagi á þau. Þemun dýpka skilning á reynslu þátttakenda og sýn þeirra á skólaráð og draga upp mynd af þeim þáttum sem mest voru áberandi. *Mynd 1* sýnir þemu rannsóknarinnar, sem nánar verður fjallað um í niðurstöðukafla.



Mynd 1 – Þemu rannsóknarinnar.

Við túlkun gagnanna var skoðað hvernig niðurstöður samræmdust hugmyndum Deweys um reynslu og lýðræði og lýðræðislega samvinnu og hvernig það birtist í gögnunum. Horft var til þess hvaða aðferðum skólastjórar beittu til að tryggja þátttöku nemenda. Jafnframt voru þemun skoðuð með tilliti til þess hvort þau svöruðu þeim rannsóknarspurningum sem lagt var af stað með.

Siðferðileg álitamál

Siðferðileg atriði í eiginlegum rannsóknum lúta að því að rannsakandinn nálgast viðfangsefnið með opnum huga og leitist sífellt við að tryggja að niðurstöður endurspegli veruleika og viðhorf þátttakenda (Ástríður Stefánsdóttir, 2013). Þess vegna er mikilvægt að rannsakendur séu meðvit- aðir um eigin viðhorf og skoðanir á viðfangsefninu og gæti þess að það liti ekki niðurstöður. Áður en rannsóknin fór fram hafði rannsakandi nokkrar efasemdir um hversu virkir nemendur væru á fundum skólaráðs, sérstaklega í ljósi þess að viðhorf og samskiptahættir fullorðinna og barna geta verið ólík í eðli sínu. Því leitaðist rannsakandi eftir því að nálgast viðfangsefnið með opnum huga og forðast að láta eigin skoðanir hafa áhrif á gagnasöfnun og túlkun gagna.

Þegar tekin eru viðtöl við börn geta siðferðileg álitamál einnig komið upp. Sú hætta er fyrir hendi að börn upplifi ákveðið valdaójafnvægi milli sín og rannsakanda, til dæmis vegna aldursmunar eða stöðu. Auk þess er hætta á því að börnin hræðist að svara af einlægni og leitist við að svara eins og þau halda að rannsakandi vilji að þau svari (Coyne, 1998; Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Í viðtölunum við nemendurna var því lögð rík áhersla á að skapa jákvætt andrúmsloft og leitast við að nálgast nemendur á jafnréttisgrundvelli.

Niðurstöður

Hér er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í ljósi þeirra þema sem upp komu. Spurningarnar sem leitað var svara við voru: Hver er reynsla og sýn skólastjórna á það að hafa nemendafulltrúa í

skólaráði? Hver er reynsla og sýn nemenda á þátttöku í skólaráði? Hvernig geta skólastjórnendur tryggt virka þátttöku nemenda á fundum skólaráðs?

Skipulag og starfsemi skólaráðs

Niðurstöður sýndu að skipulag og starfsemi skólaráðs var mismunandi milli skólanna, meðal annars hversu formlegir fundirnir voru. Á tveimur fundanna var skipaður fundarritari sem skráði fundargerð á fundinum, en í hinum tilfellunum virtust fundargerðir skráðar eftir á. Í skóla G var aðstoðarskólastjóri fundarritari og hafði ekki atkvæðisrétt. Dagskrá fundar lá alltaf fyrir en málefni voru af ýmsum toga, meðal annars niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk, umgengni, breytingar á skólalóð, fjárhagsáætlun, félagsstarf nemenda og dagsetningar fyrir vetrarfrí. Í næstum öllum tilfellum bar tölvu- og símamál nemenda á góma þó að þau væru ekki á dagskrá fundarins. Skólastjórnarnir stýrðu fundunum og þeir voru sá aðili sem oftast leitaði eftir skoðunum nemenda og annarra fulltrúa.

Sérstaklega var kosið í skólaráð í skóla D og samkvæmt Dagnýju sýndu nemendur áhuga á að starfa í skólaráði. Kennarar stóðu aftur á móti að vali nemenda í skóla E og Elín sagði að nemendum myndist „ekkert spennandi að fara í skólaráði“. Ákveðin hefð virðist vera fyrir því að sömu nemendur sitji í skólaráði og nemendafélagi, þannig var því háttáð í skóla F og G. Guðný sagði að nemendur sem byðu sig fram í nemendafélagið væru alla jafna ekki meðvitaðir um að með þeirri kosningu væru þeir sjálfkjörnir sem fulltrúar nemenda í skólaráð.

Í skóla D var kynning á skólaráði í höndum nemendanna sjálfra. Þeir fóru í bekkina og kynntu sig sem fulltrúa skólaráðs og útskýrðu hlutverk þess, en slíkt telur Dagný að opni öðrum nemendum leið til að koma með athugasemdir eða tillögur til skólaráðs. Í skólum E, F og G virtist vera lítil kynning á skólaráði en í viðtölum við Fríðu, Fjólu og Guðnýju kom fram að nemendur vissu lítið um starfsemi skólaráðs og sýndu því lítinn áhuga. Fjóla sagði nemendur vita „rosalega lítið um það, þetta væri rosalega lítið rætt“. Guðný sagði eina af ástæðum þess að hún hefði ekki komið með málefni nemenda á fundi skólaráðs vera þá að „fáir vissu eitthvað um skólaráð“.

Samkvæmt lögum um grunnskóla og reglugerð um skólaráð skal skólaráð funda með nemendafélaginu að lágmarki einu sinni á ári. Þó að nemendafélög væru starfandi í öllum þátttökuskólunum höfðu árlegir fundir eingöngu verið haldnir í skóla D. Í skóla G hafði einn slíkur fundur farið fram en Guðrún hafði áform um að halda því áfram. Í þátttökuskólunum hafði ekki verið haldinn opinn fundur með öllum hagsmunaaðilum skólans, eins og reglugerðin segir til um. Mismunandi ástæður lágu þar að baki. Dagný sagði fyrirkomulag fundanna vera óljóst en Fanney taldi að skólaráð þyrfti að sinna of mörgum verkefnum. Elín taldi sig hafa haldið slíkan fund en þó höfðu eingöngu foreldrar og starfsmenn skólans verið boðaðir á hann.

Ólík sjónarhorn

Skólastjórnarnir sem rætt var við í rannsókninni höfðu stýrt skólaráði í nokkur ár og voru á einu máli um að reynsla sín af starfsemi skólaráðs væri almennt góð. Skólaráð væri mikilvægur vettvangur innan skólans og gott bakland sem hefði reynst þeim vel í ýmsum álitamálum. Hins vegar voru skiptar skoðanir meðal skólastjóranna á þátttöku nemenda í skólaráði. Dagný og Fanney sögðust hafa góða reynslu af þátttöku nemenda og töldu þá ábyrga og virka þátttakendur á fundum skólaráðs. Aftur á móti höfðu Elín og Guðrún ekki jafn jákvæða reynslu af þátttöku nemenda, en ólíka þó. Reynsla Elínar var sú að þeir sýndu litla sem enga virkni og hefðu takmarkaðan áhuga. Auk þess hafði reynslan sýnt henni að yngri nemendum gengi illa að taka þátt í starfi skólaráðs, því væri öðruvísi háttáð ef um unglingsdeildir væri að ræða. Guðrún taldi mikilvægt að nemendur væru þátttakendur í skólaráði vegna þess að skólaráð fjallar um málefni nemenda. Að hennar mati skortir þá samt sem áður frumkvæði til að geta verið virkir í starfi þess og hún telur að málefni fundarins höfði ekki öll til nemenda, sem takmarki áhuga þeirra. Samt sem áður taldi Guðrún það vera hlutverk skólastjóra að setja málefni þannig fram að nemendur fengju áhuga á þátttöku. Auk þess þyrftu nemendur „klapp á bakið og stuðning“ hennar.

Nemendur höfðu almennt jákvæða reynslu af þátttöku í skólaráði og lýstu ánægju yfir samskiptum sínum við skólastjóra og aðra fulltrúa skólaráðs. Reynsla nemendanna var jafnframt ólík en flestir þeirra töldu þátttökuna lærdómsríka og hafa aukið skilning sinn á starfsemi skólans. Davíð og

Daníel töldu sig hafa kynnst því vel hvernig fundir skólaráðs færu fram og hvernig væri að sitja fundi með fullorðnum. Davíð taldi skólaráðsfundi vera „meira svona alvarlegt, alvarlegra ... bara út af því kannski að það eru fleiri fullorðnir og svona aðrar ákvarðanir, eins og eitthvað með peninga og eitthvað svoleiðis.“ Reynslan hefði einnig aukið skilning þeirra á því hversu dýrt væri að reka stofnun eins og skóla. Í viðtali við Fríðu og Fjólu kom fram að reynsla þeirra úr skólaráði hefði sýnt þeim að fullorðnir hlustuðu á sjónarmið ungs fólks, ólíkt fyrri reynslu. Enn fremur sagðist Fjóla hafa upplifað það áður að fullorðnir litu niður á ungt fólk en hún sagðist ekki hafa orðið vör við slík viðhorf á fundum skólaráðs. Fjóla sagði jafnframt að með reynslu sinni í skólaráði hefði hún öðlast aukið sjálfstraust sem auðveldaði henni að tjá skoðanir sína:

Maður lærir náttúrulega að tala um það sem manni finnst og vera ekki hræddur við að segja sínar skoðanir. Og eins, ég var ekkert voða spennt fyrir því að kannski segja mínar hugmyndir á hlutum fyrir framan herbergi af fólki, en þegar maður var byrjaður og fólk var byrjað að tala þá fékk maður svona ... ég get alveg komið með eitthvað.

Edda og Guðný virtust aftur á móti ekki sjá mikinn tilgang með þátttöku sinni í skólaráði, annan en þann að fá upplýsingar. Edda sagði: „Ég læri ekki mikið en veit bara svona alltaf... af hverju þetta má og ekki, svona.“ Þannig er ljóst að upplifun og sýn þátttakenda var ólík og einstaklingsbundin að mörgu leyti.

Valdaójafnvægi

Rannsóknin leiddi í ljós að bæði skólastjórar og nemendur upplifðu stundum valdaójafnvægi á fundum skólaráðs. Þetta kom sterkt fram í svörum Elínar í skóla E. Hún sagðist upplifa valdaójafnvægi á fundum skólaráðs með nemendum og lýsti því þannig: „það getur ekki verið þægilegt að vera einn eða tveir með fullt af einhverju fullorðnu fólki sem að talar annað tungumál heldur en þau skilja ... það er valdaójafnvægi.“ Elín taldi enn fremur að nemendur hefðu ekki forsendur til þess að ræða öll málefni skólaráðs en reynslan hefði kennt henni að málefni yrðu að vera á forsendum barnanna. Því var Dagný sammála en taldi það eiga við um fleiri fulltrúa skólaráðs. Fanney og Guðrún voru á einu máli um að nemendur hefðu forsendur til að ræða öll málefni skólaráðs þar sem málefni skólans varði þá.

Flestir nemendurnir sem hér var rætt við sögðust hafa upplifað valdaójafnvægi á fundum sínum í skólaráði, en ástæður þess mætti meðal annars rekja til þess hvernig þeim leið og til ólíkra viðhorfa fullorðinna og barna. Þeir upplifðu stundum stress og óöryggi yfir því að segja eitthvað rangt. Eins og Davíð sagði „það voru bara fullorðnir, skiluru, og þá myndi ég kannski ekki segja eitthvað rétt.“ Edda sagðist hafa verið „stressaðri“ vegna þess að hún var „eini krakkinn“ á fundi skólaráðs. Mögulega hefði Edda verið öruggari með sig á fundi skólaráðs með jafnaldra sínum. Einnig sagði hún: „allir höfðu svo ofsalega miklar skoðanir og ég vissi stundum ekki hvað ég átti að segja“.

Jafnframt óttuðust nemendur að ekki væri hlustað á það sem þeir hefðu fram að færa á fundum skólaráðs. Þetta átti sérstaklega við um fyrsta fund þeirra í skólaráði en líðan þeirra batnaði þegar leið á fundinn. Ástæðuna fyrir betri líðan sögðu nemendur vera að þeir upplifðu sig velkomna og viðmót skólastjóra hefði bætt líðan þeirra. Fjóla lýsti sínum fyrsta fundi á þessa leið:

Þegar maður labbar fyrst inn þá er þetta svona, þú ert minni manneskjan, en já, svo þegar maður fór að upplifa þetta þá komst ég að því að það eru allir jafnir þarna og þá var þetta bara mjög þægilegt [...] mér finnst þau vera opin með hvaða skoðanir sem koma og tilbúin að ræða allt.

Auk þess leið nemendum betur á fundum skólaráðs þegar jafnaldri þeirra var viðstaddur og fannst jafnvel „vandræðalegt“ að vera eini fulltrúi nemenda á fundum skólaráðs og fannst erfitt að litið væri á þá sem fulltrúa allra nemenda. Daníel sagðist ekki upplifa valdaójafnvægi á fundum skólaráðs og var hann mjög sjálfsöruggur í viðtali við rannsakanda. Jafnframt var hann öruggur og ákveðinn í svörum og tilbúinn að tjá skoðanir sínar í vettvangsathugun rannsakanda. Hann sagði það hluta af „þroska“ sínum að læra að tjá skoðanir sínar en hann ætti auðvelt með það og þyrfti ekki hvatningu annarra til þess. Daníel taldi sig vera virkan þátttakanda í skólaráði vegna þess að hann hefði „áhrif á niðurstöðuna“ og á fundunum sé „alltaf komist að niðurstöðu“.

Lýðræðisleg samvinna

Niðurstöður sýndu að allir skólastjórnarnir töldu lýðræðislega samvinnu vera mikilvægan þátt í skólastarfinu. Sú samvinna var ólík frá einum skóla til annars og áherslur skólastjóranna voru jafnframt mismunandi. Skólastjórnarnir sem rætt var við í þessari rannsókn litu allir á sig sem faglegan leiðtoga en forysta þeirra skiptir miklu máli þegar efla á lýðræðislega samvinnu innan skólans.

Áhersla á lýðræðislega samvinnu í skólastarfi kom sterkt fram í viðtölum við Dagnýju og Fanneyju, og birtist meðal annars í því hvernig þær töluðu um gagnkvæma virðingu og náungakærleik í allri samvinnu. Dagný sagði að veigamikill þáttur í því að tryggja samvinnu og virka þátttöku nemenda væri að þeir upplifðu mikilvægi sitt á fundum skólaráðs. Hún sagðist leita eftir skoðunum nemenda og taka mið af þeim eins og kostur væri. Davíð og Daníel sögðu Dagnýju hlusta á það sem þeir hefðu fram að færa og þeir töldu eftirfarandi sýna það: „vegna þess að það er gert eitthvað í þessu“ auk þess „horfir hún líka svona á mann, já, ok“ og kinkuðu báðir kalli.

Að mati Fanneyjar byggðist árangursrík samvinna á jákvæðu viðmóti þar sem borin væri virðing fyrir sjónarmiðum allra. Samvinna allra innan skólasamfélagsins væri það sem einkenndi skólann og Fanney lýsti því þannig: „við verðum að líta á okkur sem lið [...] þetta er spurning um hvernig ætlum við að standa saman.“ Fríða og Fjóla voru á sama máli um að fulltrúar skólaráðs bæru „virðingu fyrir“ þeim, hlustuðu og hefðu skilning á því sem þær væru að „meina og tala um“. Guðrún lagði áherslu á að nálgast nemendur á „jafnréttisgrunni“ þannig að þeir upplifðu mikilvægi sitt í skólastarfinu. Hún taldi árangursríkt að virkja nemendur til þátttöku í öllu skólastarfinu, með því móti fengju raddir nemendanna betri hljómgrunn.

Að mati Elínar er hægt að ná betur til nemendanna með öðrum hætti en að þeir hafi fulltrúa í skólaráði. Hún hefur sett á stofn „lýðræðislega samvinnu“ með nemendunum en hún taldi það mun árangursríkari leið til samvinnu við þá. Á þeim fundum sitji nemendur með skólastjórnendum og ræði ýmis málefni tengd skólastarfinu og oft á tíðum séu það „ákveðin málefni sem við viljum ræða“. Aðalatriðið sé samt sem áður hvernig nálgast eigi nemendur þannig að þeim líði vel og vilji tjá sig. Reynslan hafi sýnt að þeir séu öruggir í sínu „umhverfi meðal jafningja sinna“ og eigi því auðveldara með að tjá sig.

Í þrem þátttökuskólanna var starfandi annars konar lýðræðislegt ráð þar sem nemendur áttu samvinnu við skólastjórnendur. Í þeim tilfellum höfðu skólastjórnendur talið nauðsynlegt að efla tengsl við nemendur með því að halda reglulega fundi með þeim og í sumum tilfellum einnig kennurum. Nemendur voru, að mati þessara þriggja skólastjóra, virkari þátttakendur í slíkum ráðum og sýndu þeim meiri áhuga en skólaráði. Elín taldi ástæðu þess vera þá að nemendur væru í meirihluta á þessum fundum og þar af leiðandi fengju raddir þeirra betri hljómgrunn.

Stuðningur og hvatning skólastjóra

Í þátttökuskólunum virtust skólastjórnarnir leita eftir sjónarmiðum nemenda og veita þeim stuðning og hvatningu. Auk þess benti margt til þess að skólastjórar beittu virkri hlustun þar sem þeir lögðu sig fram við að skilja viðhorf nemenda og svara á uppbyggilegan hátt. Dagný lagði áherslu á að nemendur hefðu tækifæri til að tjá skoðanir sínar og sagði:

Ég reyni að passa að spyrja þau alltaf líka hvað finnst ykkur, nú hafið þið verið lengi í skólanum, hvað finnst ykkur, hvað viljið þið segja? Þannig að þau finna að það skiptir máli það sem þau segja. Ég finn það líka að aðrir hafa áhuga á að hlusta á þá [...] Þeir eru svolítið fyrir alvöru.

Fanney sagðist nálgast nemendur á eftirfarandi hátt:

Ég reyni að koma fram við þau af virðingu og tala við þau sem sko ekki sem einhvern annan, þau eru bara þarna partur af þessum hópi alveg, skilurðu. Mér finnst ekki megi líta á þau sem eitthvað sér, þú heyrir líka alveg að fólk er að beina að þeim spurningum, hvað finnst ykkur?

Þetta er í samræmi við upplifun flestra nemenda en Daníel og Davíð sögðu Dagnýju skólastjóra hvetja sig til að tjá skoðanir sínar:

Já, það er spurt um álit. Það er bara þegar við erum ekki búnir að láta okkar álit í ljós, það er kannski af því að við höfum ekki neitt, þá spyr hún. Til að passa upp á að við höfum eitthvað að segja í þessu.

Vettvangsathugun sýndi enn fremur fram á að flestir skólastjórnarnir legðu mikla áherslu á að skapa jákvætt andrúmsloft á fundum skólaráðs. Á fundinum bar Davíð í skóla D til dæmis fram tillögu um að breyta uppsetningu prófadaga í stærðfræði í skólanámskránni. Dagný tók þessari athugasemd vel og sagðist myndu koma þessum ábendingum til umsjónarkennara. Fríða bar jafnframt fram tillögu á fundi skólaráðs í skóla F, um það hvort nemendur gætu farið á námskeið í tölvu- og tækjanotkun. Fanney sagði foreldrafélagið hafa tekið upp slíka umræðu og ef til vill væri hægt að vinna þetta í samvinnu og sagðist hún ætla að skoða það.

Umræða

Hér verða helstu niðurstöður ræddar og dregnar ályktanir um þátttöku nemenda í skólaráðum og framkvæmd laga um skólaráð. Endað er á því að draga saman hagnýtan lærdóm af rannsókninni.

Mismunandi reynsla

Ljóst er að skólastjórnendur standa frammi fyrir ákveðinni áskorun þegar að því kemur að tryggja virka þátttöku nemenda í skólaráði. Þeir fjórir skólastjórnar sem rætt var við hér höfðu mismunandi reynslu af þátttöku nemenda og ólíkar skoðanir á getu þeirra til að sitja í skólaráði. Tveir þeirra höfðu jákvæð viðhorf og töldu nemendur vera mikilvæga og virka aðila í ráðinu, en hinir tveir töldu nemendur skorta frumkvæði, áhuga og getu til að sitja fundi skólaráðs. Líkt og fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós, þá hafa viðhorf fullorðinna til barna mikil áhrif á samskipti og möguleika barna til þátttöku (Grant-Smith og Edwards, 2011; Wyse, 2001). Það hvernig skólastjórnarnir unnu úr reynslunni getur enn fremur hafa haft áhrif á viðhorf þeirra (Dewey, 2000b). Þannig staðfestir þessi rannsókn að þær hindranir sem hafa verið greindar á þátttöku nemenda í ráðum innan skóla eru til staðar hér á landi líkt og erlendis (Alderson, 2000; Wyse, 2001).

Að sama skapi var sýn og reynsla nemendafulltrúanna mismunandi. Edda var yngst þátttakenda en hún var feimnari og óruggari en aðrir nemendur í viðtalinu við rannsakanda og á fundi skólaráðs. Reynsla Eddu ítrekar mikilvægi þess að nemendur séu tveir saman á fundum. Með aukinni reynslu töldu nemendur sig verða öruggari á fundum skólaráðs, auk þess sem dró úr óvissu og kvíða hjá þeim. Það skipti höfuðmáli að þau fengu jákvæða reynslu af fundum skólaráðs sem gæfi þeim innsýn í skólastarfið um leið og þau áttuðu sig á möguleika sínum til að hafa áhrif (Dewey, 2000a). Taka verður mið af því að nemendur sem hér var rætt við höfðu setið misjafnlega lengi í skólaráði.

Fyrri reynsla nemenda af samskiptum við fullorðna mótaði hugmyndir þeirra um þátttöku í skólaráði. Fríða og Fjóla höfðu upplifað neikvæð samskipti við fullorðna, meðal annars að fullorðnir líti niður á ungt fólk og taki ekki tillit til sjónarmiða þess. Engu að síður voru þær jákvæðar í garð annarra fulltrúa í skólaráði og töldu að þar væri á þær hlustað. Þannig varð til ný og jákvæðari reynsla sem opnaði möguleikann á lýðræðislegri þátttöku þeirra.

Valdefling

Í þátttökuskólunum virtust skólastjórnarnir leita eftir sjónarmiðum nemenda og veita þeim stuðning og hvatningu en það er talið vera einn mikilvægasti þátturinn í því að virkja börn til þátttöku (Grant-Smith og Edwards, 2011). Með aðkomu að ákvörðunum er nemendum veitt visst vald og má því segja að nemendafulltrúarnir hafi upplifað ákveðna valdeflingu þegar þeir fengu möguleika á að hafa áhrif (Hart, 1992).

Nemendum í íslenskum grunnskólum stendur til boða að taka þátt í skólaráði en þátttaka þeirra takmarkast við tvo fulltrúa nemenda í hverjum grunnskóla, sem yfirleitt eru í eldri deildum skólans. Vonast er eftir því að þessi fámenni hópur geti komið sjónarmiðum annarra nemenda á framfæri og haft áhrif á ákvarðanir skólaráðs. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að kynningu á skólaráði var ábótavant í þremur skólanna og er það í samræmi við rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur (2014). Skólaráð verður því ekki vettvangur fyrir raddir ólíkra nemenda, þar sem nemendur vita

ekki af tilvist eða starfsemi skólaráðs né af því að þar sitji fulltrúi nemenda. Þannig er þátttaka nemenda og möguleikar þeirra á að hafa áhrif fyrir tilstilli nemendafulltrúa sinna í raun takmarkaðir. Hafa verður í huga að þó að nemendur eigi fulltrúa í skólaráði þá er það ekki trygging fyrir virkri þátttöku eða lýðræðislegri samvinnu (Wyse, 2001). Líkt og aðrar rannsóknir hafa sýnt virðist ekki vera gert ráð fyrir aðkomu nemenda að ákvörðunum, svo sem vali á nemendafulltrúa, og upplýsingaflæði til þeirra er af skornum skammti (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014; Grant-Smith og Edwards, 2011; Þóra Björk Jónsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2013; Wyse, 2001).

Nemendum leið ekki vel á fyrsta fundi sínum í skólaráði og flestir þeirra óttuðust að ekki væri hlustað á það sem þeir hefðu fram að færa á fundum skólaráðs. Fyrri rannsóknir sýna að áhugi og vilji fullorðinna til að hlusta getur ráðið miklu um það hvernig og hversu mikið börn tjá skoðanir sínar (Lansdown, 2001; Sinclair, 2004). Líðan þeirra batnaði þegar leið á fundinn og nemendur sögðu ástæðu þess vera þá að þeir upplifðu sig velkomna og viðmót skólastjóra hefði bætt líðan þeirra. Þannig skiptu hin óformlegu samskipti miklu máli; hljómfall orða getur haft áhrif auk þess sem það skiptir máli að ávarpa viðkomandi með nafni, heilsa og brosa (Grant-Smith og Edwards, 2011). Vettvangsathuganir sýndu að almennt lögðu skólastjórnir mikla áherslu á að skapa jákvætt andrúmsloft á fundum skólaráðs. Grant-Smith og Edwards segja fullorðna verða að leitast við að tileinka sér slíkt viðmót ef þeir eiga að veita nemendum þann stuðning sem þarf til að tryggja þátttöku þeirra (Grant-Smith og Edwards, 2011).

Lýðræðisleg samvinna

Þessi rannsókn staðfestir í fyrsta lagi hve mikilvægu hlutverki skólastjórnendur gegna í því að stuðla að liðsheild og tryggja virka þátttöku nemenda. Allir skólastjórnir fjórir töldu lýðræðislega samvinnu við nemendur skipta miklu máli, en höfðu ólíkar skoðanir á því hvort skólaráð væri rétti vettvangurinn. Skólastjórnir bentu líka á að ýmsar aðrar leiðir væru farnar til að móta lýðræðislega samvinnu við nemendur, svo sem samstarf við nemendafélag og önnur nemendaráð og fundir með nemendum og kennurum þar sem ýmis málefni skólans væru rædd. Þeir sögðust leggja áherslu á að raddir nemendanna fengju hljómgrunn og að skólastarfið snerist um nemendur skólans. Að sögn þeirra væri reynt að taka tillit til sjónarmiða nemenda eftir því sem kostur væri.

Í annan stað sýndi rannsóknin að stuðningur og hvatning skólastjóra skipti miklu við að tryggja öryggi og vellíðan nemendafulltrúa á fundum skólaráðs. Nemendafulltrúarnir lýstu því að hvatning skólastjórans gerði þeim kleift að láta skoðanir sínar í ljós og leggja fram tillögur á fundum skólaráðs. Að mati fræðimanna þurfa góðir leiðtogar að hafa næmi og hæfni til að efla liðsheildina og stuðla að gagnkvæmri virðingu, samvinnu og ábyrgð allra (Møller o.fl., 2005; Thornberg, 2010). Í lýðræðislegri samvinnu er virk þátttaka mikilvægur þáttur: að einstaklingar upplifi að þeir séu mikilvægir og að mark sé tekið á skoðunum þeirra (Dewey, 1998). Niðurstöður staðfesta að forysta skólastjóra skiptir miklu máli þegar stuðla á að lýðræðislegri samvinnu innan skólans (Birna Sigurjónsdóttir og Börkur Hansen, 2015). Því má álykta að viðhorf og stjórnunarhættir skólastjóra geti haft áhrif á starfsemi og samskipti innan skólaráðs.

Í þriðja lagi þá benda niðurstöður til þess að valdaójafnvægi sé ákveðin hindrun fyrir virkri þátttöku nemenda í skólaráði. Ekki höfðu allir skólastjórnir væntingar um að nemendur hefðu hæfni og þroska til að taka þátt í starfi skólaráðs. Einnig mátti greina ákveðinn kvíða hjá nemendum fyrir því að tjá skoðanir sínar af ótta við að þær yrðu álitnar rangar og ekki tekið mark á þeim. Þannig mótuðu viðhorf þátttakendanna reynslu þeirra og samskipti innan skólaráðs. Þessi niðurstaða er í samræmi við aðrar rannsóknir á samstarfi fullorðinna og barna sem sýna að viðhorf geta haft hamlandi áhrif á raunverulegt samstarf (Grant-Smith og Edwards, 2011; Wyse, 2001).

Framkvæmd laga og reglugerðar um skólaráð

Framkvæmd grunnskólalaga um skólaráð gengur að mörgu leyti vel í þessum fjórum grunnskólum. Þar sem gagna var eingöngu safnað í fjórum skólum er ekki hægt að alhæfa um þátttöku nemenda í skólaráðum almennt á Íslandi. Engu að síður gefa niðurstöðurnar vísbendingar um að starfsemi skólaráða þurfi að vera markvissari. Samkvæmt lögum um skólaráð ber skólastjóri ábyrgð á stofnun og virkni skólaráðs og stýrir starfi þess. Það er því mikið í hans valdi hvernig staðið er að kosningu nemenda og kynningu á skólaráði en mismunandi var hvernig staðið var að

Þessum þáttum í þátttökuskólunum. Kynning og sérstök kosning nemendafulltrúa í skólaráð kynni að auka áhuga nemenda á þátttöku í skólaráði, að öllu jöfnu myndi það bæta þekkingu og skilning nemenda á starfsemi þess og hlutverki. Í skóla D var betur staðið að vali nemenda og kynningu á skólaráði en í hinum þátttökuskólunum, auk þess sem nemendur sitja tvö ár í senn í skólaráði. Slíkir starfshættir benda til aukinnar virkni í tilfellum Daníels og Davíðs, en að sögn þeirra og Dagnýjar sýna nemendur áhuga á að sitja í skólaráði. Fulltrúar nemenda eiga að sitja í tvö ár í senn (lög um grunnskóla, 91/2008) en í skóla E, F og G voru nemendurnir í efstu bekkjardeildum síns skóla og á sínu fyrsta og væntanlega eina ári í skólaráði. Í þeim skólum er lögunum því ekki framfylgt og nemendum gefst ekki tækifæri til að öðlast reynslu til lengri tíma.

Nokkurt samræmi virðist vera með könnun umboðsmanns barna (2012) og þeirri rannsókn sem hér er greint frá, þegar litið er til þeirrar hefðar að sömu nemendur sitji í nemendafélaginu og í skólaráði, auk þess að reglum nemendafélagsins um kosningu fulltrúa í skólaráð sé ekki fylgt eftir vegna skorts á upplýsingum. Niðurstöður þessarar rannsóknar samræmast niðurstöðum Gerðar G. Óskarsdóttur (2014) sem sýndu að starfsemi skólaráðs var nemendum almennt framandi. Málafni fundanna eru að miklu leyti í höndum skólastjóranna en í flestum tilfellum tengjast málafni skólaráðs skólastarfinu og snerta þar af leiðandi nemendur. Skólastjóri getur í samráði við nemendur leyst þá undan setu í skólaráði, telji þeir sig ekki hafa forsendur til að ræða einstök málafni (reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008). Skólastjórnir sem rætt var við í rannsókninni sögðust ekki hafa gripið til þess að vísa nemendum af fundi.

Lærdómur af rannsókninni

Þar sem eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að skapa hagnýta þekkingu á þátttöku nemenda í skólaráðum er hér dregið saman það sem helst mætti af henni læra. Þegar horft er til þess hvernig tryggja megi þátttöku nemenda í skólaráði má greina í fyrsta lagi þætti sem snúa að hlutverki skólastjóra og í öðru lagi þætti sem snúa að framkvæmd laga og reglugerðar um skólaráð.

Nemendafulltrúarnir sem rætt var við lýstu því hvernig stuðningur og hvatning skólastjóra hefði verið lykilatriði í að auðvelda þeim að vera virkir þátttakendur á fundum skólaráðs. Sé litið til niðurstöðna þessarar rannsóknar má draga fram eftirfarandi atriði sem skólastjórar ættu að huga að til að styðja virka þátttöku nemenda í skólaráði:

- Skapa jákvæða reynslu, leitast við að sýna áhuga og reynslu nemenda skilning. Nemendur höfðu upplifað neikvæð viðhorf fullorðinna í sinn garð en jákvæð samskipti við skólastjóra breyttu afstöðu þeirra til fullorðinna.
- Sýna nemendum áhuga og vilja til að hlusta á sjónarmið þeirra.
- Hvetja nemendur til að deila sínum sjónarmiðum.
- Beita virkri hlustun og svara nemendum á uppbyggilegan hátt.
- Hugsa vel að líkamstjáníngu, ná augnsambandi og kinka kolli.
- Áherslur skólastjóra á gagnkvæma virðingu í samskiptum og lýðræðislega samvinnu.

Ofangreindir þættir höfðu áhrif á líðan nemenda á fundum skólaráðs og drógu úr óöryggi, óvissu og kvíða. Nemendur upplifðu sig velkomna á fundum skólaráðs.

Skólastjórnendur standa jafnframt frammi fyrir ákveðnum áskorunum við framkvæmd laga um skólaráð. Niðurstöður leiddu í ljós að kynningu á skólaráði er ábótavant, ekki voru reglulega haldnir opnir fundir sem kveðið er á um í reglugerð og tilviljunarkennt var hvernig val á nemendafulltrúum fór fram. Hér má því setja fram nokkur hagnýt atriði varðandi val á nemendafulltrúum, kynningu á starfi skólaráðs og aðkomu nemenda að því:

- Sérstök kosning í skólaráð þar sem nemendur hafi sjálfval um framboð. Sömu nemendur sitja ekki í skólaráði og nemendafélagi, en þannig gefst fleirum tækifæri til þátttöku og það stuðlar að lýðræði í skólastarfi.

- Kynna hlutverk og starfsemi skólaráðs innan skólans. Með þeim hætti er hægt að ná til áhugasamra nemenda, skólaráð verður sýnilegra og fleiri málefni nemenda koma á borð skólaráðs.
- Nemendur sitji tvö ár í senn í skólaráði. Aukin reynsla dregur úr óöryggi, kvíða og óvissu nemenda og auk þess öðlast þeir betri og dýpri þekkingu á starfsemi skólaráðs.
- Tveir nemendur sitji ávallt í skólaráði; það auðveldar nemendum að tjá skoðanir sínar og þeim líður betur.

Auk þess er mikilvægt að skólastjórar leggi aukna áherslu á að skólaráð haldi fund með nemendafélaginu að lágmarki einu sinni á ári. Það myndi veita fjölmennari hópi nemenda aðgang að þátttöku í skólaráði og málefni þeirra fengju meiri athygli og umræðu.

Lokaorð

Í þessari grein var leitast við að varpa ljósi á reynslu og viðhorf skólastjóra og nemenda til þátttöku í skólaráði. Niðurstöður sýndu að skólaráð getur starfað með virkri þátttöku nemenda en þó séu ýmsar áskoranir við framkvæmd laganna sem tengjast valdaójafnvægi og viðhorfum til barna. Vonast er til að skólastjórnendur og hagsmunaaðilar geti nýtt sér niðurstöður rannsóknarinnar til að tryggja enn betur þátttöku nemenda í skólaráði.

Viðhorf skólastjórnenda og nemenda og sýn þeirra á lýðræði getur mótað samskiptahætti skólaráðs og haft áhrif á þátttöku nemenda. Þátttaka nemenda í starfsemi skólaráða er því sannarlega eitt birtingarform lýðræðis í skólastarfi. Í skólaráði gefst nemendum tækifæri til að upplifa sig sem hluta af heild og vinna sem hópur að sameiginlegum markmiðum. Ákveðinn lærdómur felst í því að hlusta á sjónarmið nemendanna og með virkri þátttöku þeirra fæst dýpri skilningur á þörfum þeirra, hæfileikum, gildismati og óskum. Samskipti á fundum skólaráðs þurfa að einkennast af gagnkvæmri virðingu, en þannig skapast vettvangur sem einkennist af jafnræði og virkni.

Heimildir

Alderson, P. (2000). School student's views on school councils and daily life at school. *Children and Society*, 14(2), 121–134.

Annelise Larsen-Kaasgaard. (2011). *Viðhorf verðandi kjósenda til lýðræðislegs skólastarfs* (óútfengin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.

Athugasemdir umsagnaraðila við frumvarp til laga, 126. mál. (1994). Sótt af <http://www.althingi.is/altxt/erindi/118/118-349.pdf>

Ástríður Stefánsdóttir. (2013). Eigindlegar rannsóknir og siðferðileg álitamál. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/002.pdf

Birna Sigurjónsdóttir og Börkur Hansen. (2014). Gildi og áherslur skólastjóra í grunnskólum í Reykjavík. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/001.pdf>

Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101.

Cotmore, R. (2004). Organisational competence: The study of a school council in action. *Children and Society*, 18(1), 53–65.

Coyne, I. T. (1998). Researching children: Some methodological and ethical considerations. *Journal of Clinical Nursing*, 7(5), 409–416.

Day, C. (2007). What being a successful principal really means: An international perspective. *Educational Leadership and Administration*, 19, 13–24.

- Dewey, J. (1916). *Democracy and education: An introduction to the philosophy of education*. New York: Macmillan.
- Dewey, J. (1998). Creative democracy – The task before us. Í L. A. Hickman og T. M. Alexander (ritstjórar), *The Essential Dewey, 1. bindi* (bls. 340–343). Bloomington: Indiana University Press (frumútgáfa 1939).
- Dewey, J. (2000a). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1938).
- Dewey, J. (2000b). *Hugsun og menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Ekholm, M. (2004). Learning democracy by sharing power. Í J. MacBeath og L. Moos (ritstjórar), *Democratic learning: The challenge to school effectiveness* (bls. 95–112). London: Routledge-Falmer.
- Englund, T. (2006). Deliberative communication: A pragmatist proposal. *Journal of Curriculum Studies, 38*(5), 503–520.
- Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri). (2014). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Grant-Smith, D. og Edwards, P. B. (2011). It takes more than good intentions: Institutional and attitudinal impediments to engaging young people in participatory planning. *Journal of Public Deliberation, 7*(1), 2–19.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Rekstrarform grunnskóla og fjöldi nemenda 1998–2013. Sótt af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2604&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=SKO02202%26ti=Rekstrarform+grunnsk%F3la+og+fj%F6ldi+nemenda+1998%2D2013++++%26path=./Database/skolamal/gSskolahald/%26lang=3%26units=-Fj%F6ldi>
- Hart, R. (1992). *Children's participation: From tokenism to citizenship*. Florence: UNICEF International Child Development Centre.
- Helga Helgadóttir. (2015). „Ætli það sé ekki þess virði að við fáum aðeins að ráða hvað við lærum“: *Birtingarmynd lýðræðis í tveimur grunnskólum á Íslandi* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og megindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–153). Akureyri: Ásprent Stíll ehf.
- Hrefna Guðmundsdóttir. (2010). Könnun meðal skólastjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um grunnskóla. Sótt af http://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/1464/Skyrsla_grunnskolar_loka_01.03.10.pdf?sequence=1
- Hulme, M., McKinney, S., Hall, S. og Cross, B. (2011). Pupil participation in Scottish schools: How far have we come? *Improving Schools, 14*(2), 130–144.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2006). Leikskólinn frá sjónarhóli barna. *Uppeldi og menntun, 15*(2), 69–97.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). Research with children. Methodological and ethical challenges. *European Early Childhood Education Research Journal, 15*(2), 197–212.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Þátttaka barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 49–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RannUng.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 57–72). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lansdown, G. (2001). Promoting children's participation in democratic decision-making. Florence: UNICEF Innocenti Research Centre.

Lög um grunnskóla nr. 63/1974.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Maitles, H. og Deuchar R. (2006). "We don't learn democracy, we live it!": Consulting the pupil voice in Scottish schools. *Education, Citizenship and Social Justice*, 1(3), 249–266.

Menntamálaráðuneytið. (2006). Heildarendurskoðun grunnskólalaga: Skýrsla um kynnisferðir grunnskólalaganefndar til Danmerkur, Noregs og Írlands, 23.–27. október 2006. Sótt af file:///Users/Tobby/Downloads/afangask_grsklog_2006.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Møller, J., Eggen, A., Fuglestad, O. L. og Langfeldt, G. (2005). Successful school leadership: The Norwegian case. *Journal of Educational Administration*, 43(6), 584–594.

Neuman, L. W. (2006). *Social research methods: Qualitative and quantitative approaches* (6. útgáfa). Boston: Pearson.

Ólafur Páll Jónsson. (2006). Lýðræði og skóli. Kennaraháskóli Íslands: Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar. Sótt af http://mennta.hi.is/starfsfolk/opj/namsefni/KFHM-H06-Lydraedi_og_skoli.html

Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hugsun, reynsla og lýðræði. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 13–42). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Prout, A. (2003). Participation, policy and the changing conditions of childhood. Í C. Hallett og A. Prout. (ritstjórar), *Hearing the voices of children: Social policy for a new century* (bls. 11–25). London: RoutledgeFalmer.

Reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins I. hluti/1989.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.

Sinclair, R. (2004). Participation in practice: Making it meaningful, effective and sustainable. *Children and Society*, 18(2), 106–118.

Thornberg, R. (2010). School democratic meetings: Pupil control discourse in disguise. *Teaching and Teacher Education*, 26(4), 924–932.

Umboðsmaður barna. (2012). Lýðræði í grunnskólastarfi – áhrif nemenda. Sótt af <http://www.barn.is/barn/modules/100/print.aspx?id=395057&ownertype=1&ownerid=83274&position=4>

Wyse, D. (2001). Felt tip pens and school councils: Children's participation rights in four English schools. *Children and Society*, 15(4), 209–218.

Þóra Björk Jónsdóttir og Rúnar Sigbórsson. (2013). Þátttaka og áhrif nemenda í skólastarfi. Í Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur H. Frímannsson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi* (bls. 257–283). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Háskólinn á Akureyri.

Um höfunda

Þorbjörg Guðjónsdóttir (thg@hi.is) hefur víðtæka reynslu af starfsmannamálum og hefur starfað sem ráðgjafi við ráðningar. Hún lauk BA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði árið 2012 og MA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn árið 2015. Greinin byggist á lokaverkefni Þorbjargar í meistaranáminu og var Kolbrún Þ. Pálsdóttir leiðbeinandi hennar.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) er lektor í tómsunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk bakkalárprófi í heimspeki árið 1997, meistaranámi í uppeldis- og menntunarfræði árið 2001 og doktorsprófi í menntunarfræðum árið 2012, öllu frá Háskóla Íslands. Rannsóknarsvið Kolbrúnar eru frístundaheimili, formlegt og óformlegt nám, siðfræði og fagmennska, og samstarf í skóla- og frístundastarfi.

Efnisorð

Skólaráð – þátttaka nemenda – lýðræði – skólastarf.

About the authors

Þorbjörg Guðjónsdóttir (thg@89.is) has a broad experience in Human Resource Management and worked as a consultant in recruitment for many years. She earned a BA degree in education in 2012 and MA degree in education in 2016, both from the University of Iceland. This research was conducted in partial fulfillment of her master's degree.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) is assistant professor in Leisure and youth studies at the University of Iceland. She earned a BA degree in philosophy in 1997 and a master's degree in education in 2001, both from the University of Iceland. Kolbrún defended her Ph.D. thesis in education at the University of Iceland in 2012. Her research interests include leisure-time pedagogy, ethics and professionalism, and the relation between formal and informal learning.

Key words

School councils – students participation – democracy – school practice.



Þorbjörg Guðjónsdóttir og Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2016).

Mín skoðun skiptir máli: Þátttaka nemenda í skólaráði grunnskóla.

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérrit 2016 – Menntun, mannvit og margbreytileiki. Greinar frá Menntakvikun Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

http://netla.hi.is/serrit/2016/menntun_mannvit_og_margbreytileiki_greinar_fra_menntakvikun/008.pdf